

Hamranes - Markmiðslýsing

Grunnhugmyndir

Grunnhugmyndin að nýju skipulagi fyrir Hamranes er að skapa hverfi sem er í senn heildstætt en um leið fjölbreytt og sveigjanlegt. Að það búi yfir þeim eiginleikum að geta auðveldlega aðlagð sig að breyttum, og oft ófyrirséðum kringumstæðum. Samfélagið er í stöðugri umbreytingu þar sem m.a. umhverfisþættir, efnahagur og menning spila inn í. Bygðir okkar og það vinnulag sem við beitum við skipulag þeirra þarf að taka tillit til þessa.

Sveigjanleiki (eða aðlögunarhæfni?)

Í hefðbundnu vinnulagi skilgreina höfundar deiliskipulags nokkuð strangan ramma hvað stærðir og nýtingu snertir. Að því loknu leitast framkvæmdaaðilar og hönnuðir einstakra mannvirkja að sníða rými og notkun að þessum skilmálum. Þegar það tekst ekki fylgja í kjölfarið ótal umsóknir um breytingar á deiliskipulagi. Í deiliskipulagsskilmálum fyrir nýju hverfi í Hamranes verður leitast við að fjalla umfram annað um markmið og heildaryfirbragð, þar sem höfundar deiliskipulags verða umsagnaraðilar að byggingarleyfisumsóknum til staðfestingar á að allar framkvæmdir samræmis meginmarkmiðum skipulagsins. Þannig fá einstakir hönnuðir og framkvæmdaaðilar aukið rými til að beita hugviti, framsýni og því að bregðast við breyttum sjónarmiðum frá einum tíma til annars. Þannig gæti hugsast að sama rými þjóni, í tímans rás, sem íbúð, verkstæði eða skrifstofurými. Stærðir íbúðaeininga eru fjölbreyttar og geti jafnvel aðlagast að breyttum forsendum íbúanna frá einu æviskeiði til annars. Bygðin fær þannig að aðlagast og þróast áreynslulaust með samfélaginu.

Samræmd heildarásýnd

Um leið er það grunnhugmynd varðandi nýtt skipulag í Hamranes að hverfið allt verði auðþekkjanleg heild, með sérkenni sem aðgreinir það frá öðrum hverfum. Þetta verður gert með því að skilgreina vel byggingarefni, liti og frágangi utandyra. Hönnuðir einstakra mannvirkja fá þannig skýrt afmarkaða „verkfærakistu“ til að vinna úr, og reynir þannig á hæfni um hugvitsemi hönnuða. Það er grunnhugmynd að skapa samhljóm fjölbreytileikans innan skýrt skilgreindra marka.

Grunnhugmyndafræði nýs skipulag felur í sér umhverfisvænt skipulag með áherslu á mannfólkið og möguleika íbúa á að hafa áhrif á umhverfi sitt og samfélag innan skýrra en sveigjanlegra marka. Ákveðnir skipulagsskilmálar ákvarða heildræna ásýnd hverfisins og tryggja að Hamranesið öðlist séreinkenni sem taka mið af náttúrulegu umhverfi þess og veðurfræðilegum aðstæðum. Þarfir samfélagsins í dag kallar á litlar íbúðaeiningar á viðráðanlegum kjörum. Nýtt skipulag mun bregðast við þessari þörf og ennfremur gefa möguleika á þróun eftir breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Eigi hverfi að halda gæðum sínum í síbreytileika nútímasamfélags þurfa skipulagsskilmálar þess að gefa svigrúm fyrir sjálfsprotta umbreytingu og aðlögun. Sveigjanleiki og aðlögunarhæfni eiga því að vera miðlæg í skipulagi nýs hverfis í Hamranes.

Markmið

Skipulag sem byggir á vistvænum gildum

Í Hamranesinu kallar nálægðin við náttúruna á vistvænt samfélag og vistvæna byggð. Megin hugmyndir vistvæns skipulags byggja á því að skapa heilsusamlegt og gjöfult umhverfi. Skapa

umhverfisleg gæði, auka hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri og efla samfélagsleg gæði og samneyti íbúa.

Gönguvænt hverfi

Í nýju skipulagi Hamraness verður leitast við að allar götur lúti sömu lögmálum þar sem gangandi og hjólandi eru jafnrétt háir og kraftmeiri farartæki. Götur hlykkjast í gegnum hverfið eins og árkvísir og gera hægakstur nauðsynlegan. Gatan getur þannig orðið að viðverusvæði en ekki eingöngu leið til gegnumaksturs. Sterkur samgönguás tengir allt hverfið saman og styður við sérkenni þess. Fjölbreytt gönguleið sem leiðir vegfarendur gegnum hverfið, ýmist meðfram götum, litlum torgum eða opnum náttúru- og útivistarsvæðum.

Almenningsrými

Almenningsrými verður stór þáttur í nýju skipulagi þar sem samnýting rýma verður mikil. Með litlum lóðum er stutt í almenningsrými frá einkalóð, og þannig verða snertifletir samfélagsins fleiri og tíðari. Íbúðaklasar mynda rými sem ekki er nema hálflokað og gefur möguleika á gegnumstreymi umferðar. Gönguleiðir hlykkjast í gegnum kjarnana og skilin milli götu, torgs og leiksvæða renna saman.

Sambýli kynslóðanna

Hvert æviskeið hefur sín einkenni, sínar hefðir og sín gildi. Samfélag okkar þarf að fanga fjölbreytileika æviskeiðanna. Þannig öðlast staðir merkingu og tengjast minningum margra deildra lífshlaupa. Þannig fær einstaklingurinn rótfestu, upplifir öryggi og vellíðan.

Opnir vinnustaðir innan hverfisins

Á stafrænni öld eru hefðbundnar hugmyndir um staðbundnar starfsstöðvar á undanhaldi. Með aukinni sérhæfingu og þörf fyrir marga þverfaglega snertifleti velja æ fleiri að vinna sjálfstætt að mörgum hlutastörf frekar en í fullu starfi hjá einum atvinnuveitanda. Það er markmið skipulags að skapa rými

sem hýsir opnar vinnustöðvar sem gæti tengjast veitingarekstri, bókasafni og gagnaveri, og jafnvel samnýt sem samkomusali utan vinnutíma. Þarna hittast nágrennar og tengjast á nýjan máta auk þess sem dregur úr umferð einkabíla og þar með útblástur kolvetnis

Íbúðabyggð

Það er markmið skipulagsins að í Hamranesi verði þétt en lágreist íbúðabygg í sátt við náttúruna. Megináhersla verði lögð á fjölbreytilegt og sveigjanlegt íbúðarhúsnæði sem mætir þörfum ólíkra samfélagshópa. Að samhangandi randbyggð meðfram tengibraut rammi svæðið inn og dregur úr hljóðmengun frá umferð. Innar á svæðinu verður byggðin smágerðari og aðlagar sig að hlíðum sem umlykja svæðið. Stakstæð smáhýsi henta vel minni fjölskyldum og einstaklingum, og kalla eftir sameiginleg rými eins og þvottahús, geymslur, verkstæði og jafnvel setustofur.

Markmið er að sem flestir íbúar hverfisins njóti þess að hafa beint aðgengi að jarðhæð með litlum einkagarði og eignist þannig tengingu við jörðina.

Gæði íbúðabyggðarinnar felst í nánun og lifandi samfélagi. Vistvænu og heilnæmu umhverfi með ákveðnum séreinkennum sem tengjast náttúrulegu umhverfi svæðisins. Sjálfbær íbúðabyggð verður

til í Hamranesi með því að gefa möguleika innan skipulags á umbreytingum og aðlögun eftir breytilegum þörfum samfélagsins á hverjum tíma.

Gæði nýs skipulags felast því fyrst og fremst í vistvænu umhverfi í sátt við náttúruna og möguleikum á öflugum samfélagi allra kynslóða sem nýtir sér sérstöðu svæðisins og þétt nábýli til stöðugar þróunar og aðlögunar að breytanlegum þörfum samfélagsins. Þannig verður Hamraneshverfið rammi utan um sveigjanlegan og sjálfbæran lífstíl.